Sigurður Sigurðsson - Þáttur um lögmanninn í Gerðiskoti og afhæfi hans ýmislegt (1884)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (geymsla 6).
Skrifað inn á bls. 1 og 6.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

1 af 200 expl.
347.9
Sig

LANDSBÓKASAFN

Þáttur

um lögmanninn í Gerðiskoti

og afhæfi hans ýmislegt.

Það er orðið talsvert hljóðbært, að Stefán sýslumaður Bjarnarson ljet son sinn elta mig hjer á dögunu hingað suður í Reykjavík til þess, að höfða gestarjettarmál á móti mjer, og ætlaði drengurinn (Sigfús) að láta sekta mig þar, handsama og fangelsa, og jeg man ekki alla þá vitleysu, sem upp úr barninu vall fyrir rjettinum. Jeg kann nú betur við, að fólk fái að vita, hvað jeg hafði til saka, svo að það hugsi ekki, að jeg hafi unnið neinn glæp eða óhæfu. Tildrögin voru þá þessi:

Í rjettum í haust er var, kom fyrir kind, sem húsmóðir mín, fátæk ekkja í nágrenni við Stefán, átti. Hirti vinnumaður sýslumannsins kindina og rak hana heim að

Gerðiskoti, heimili sýslumanns, en gjörði ekkjunni boð, að láta sækja sem fyrst kindina. Ekkjan brá við og ljet þegar vitja kindarinnar, en þegar að Gerðiskoti kom, var kindin ekki til taks, og hefur ekkert *með vissu* til hennar spurzt síðan, því að þó svo væri, að ekki yrði fyrir það synjað að eitthvert kvis hefði heyrzt eptir betrunarhúslim eða vinnumanni í betrunar-húsinu í Gerðiskoti, um að sýslumaður hefði sjálfur jetið kindina, þá er slíkt ekki að miklu hafandi og hvorki trúlegra nje ótrúlegra en svo margt annað, sem um nefndan sýslumann hefir heyrzt, svo sem dúnsagan, skinnsokkasagan, betrunarhúss-stofnunin í Gerðiskoti og ótal margt fleira, sem kvisað er manna á meðal um velnefndan rjettvísinnar kórdjákna í Gerðiskoti.

Eitt sinn er þeir synir sýslumanns áttu tal við mig, og voru að æfa gáfur sínar og málsnild á mjer, innti jeg þá eitthvað í þann veg, hvort þeir gætu sagt mjer nokkuð satt frá um dauða og endalykt þessarar kindar ekkjunnar, sem ósýnileg hafði orðið þar í Gerðiskoti. En drengirnir hafa líklega affært dánumanninum föður sínum orð mín, því þegar jeg var kominn hingað suður, gjörði hann út á eptir mjer Sigfús son sinn, þann er lögin las svo kappsamlega í Höfn, að hann fjell sjálfur í stafi og gisnaði, og lak allri lögspekinni, svo faðir hans tók hann heim til að leggja hann í bleyti og þjetta hann aptur í yndaflóðinu í Gerðiskoti. Erindi Sigfúsar á eptir mjer

hingað suður var, að lögsækja mig fyrir það, að jeg hefði átt að vera svo einfaldur, að láta í ljósi þá spurningu, hvort faðir hans mundi búinn vera að jeta upp kindina, sem hann hefði stolið af ekkjunni.

Sama dag, sem viðtal mitt við drengina, það er hèr um ræðir, átti sèr stað, varð eg var við ópokkan Pètur son Stefáns, að hann var kominn upp á þekju á bæ ekkjunnar og var þar á hækjum sínum að leita sèr þarvinda og varð mèr það þá fyrir, að taka í hnakkan á strákbjánanum og klappa klíning á þekjunni með andlitinu á honum. Á þetta horfði margt fólk. En strákur hypjaði sig vonum bráðar fussaði heim til föður síns. Um kveldið þegar háttað var, ruddust þeir bræðurnir Sigfús hinn lögspaki og Pètur klíningur inn í bæ ekkjunnar. Eg var eini karlmaðurinn á bænum og háttaður í rúmi með barn fyrir ofan mig. Rèðust þeir þar að mèr, misþyrmdu mèr og hefðu að líkindum gjört út af við barnið hefði því ekki verið bjargað úr höndunum á þeim.

Þetta eru nú öll viðskipti okkar Stefáns sýsla, og er mèr næsta óskiljanlegt, hvað hársár hann hefur verið, að ætla sèr að höfða meiðyrðamál á móti mèr, sem ekkert hefði til unnið. Hann hefur ekki æfinlega verið svona hársár, Stefán karlinn, að minnsta kosti hefur hann ekki hingað til gjört sèr það ómak, að rekast í sögum þeim, sem í hámæli eru um hann alstaðar, þar sem hann er þekktur, og sem eg hefi heyrt að jafnvel háttstandi menn

hneixlist ekki á að fara með. Eg meina hèr sèrstaklega til dúnsögunnar, skinnsokkasögunnar og ótal annara mútusagna, hnakkstuldarmálsins, betrunarhússstofnunarinnar o. fl.

Dúnpokasagan, sem annars er dáskemmtileg, sè hún vel sögð, er um það, hvernig hann hafi átt að narra fáfróðan mann einn, nafngreindan, sem hafði með ógásemi unnið til lítilfjörlegrar sektar; en Stefán innbyrlaði honum, að sagan segir, að brot hans væri himinhrópandi stórglæpur, sem hann mundi missa æruna fyrir, og tældi þannig manninn til að múta sèr með tíu pundum af dúni til þess að koma honum undan málsókn; en ári síðar trúði hann manninum fyrir því, að þótt málið hefði niður fallið í fyrra, þá mætti þó alltaf taka það upp aptur í ár, og þannig á honum að hafa tekizt að gjöra þessi tíu pund af dúni að árlegum mútuskatti, sem maðurinn mátti gjalda þar til Stefán flæmdist burt úr Ísafjarðarsýslu.

Skinnsokkasagan er um þjófinn, sem sagt var að hefði gjört samninginn við sýslumann um að gefa honum spesíu í hvert sinn sem hann (náttúrlega þjófurinn, en ekki sýslumaðurinn) stæli einhverju, til þess að sýslumaður sleppti honum. En eitt sinn er svo illa tókst til, að þjófgreyið hafði stolið skinnsokkum fúnum og sponsuðum og valla firemarks virði, þá er sagt, að sýslumaður sæji aumur á honum og ljeti sjer nægja að fá þýfið sjálft, skinnsokkana, í spesíu stað; enda sögðu gárungarnir að hann hefði riðið í skinnsokkunum allar þingaferðir það vor í Ísafjarðarsýslu.

Hnakksagan er nú heyrum kunnust, enda mun hann ekki búinn að bíta úr nálinni alveg með hana enn; þar sem enn er órannsakað og ódæmt mál það, er verið mun vera að höfða á hendur honum fyrir óráðvandlega heimild, ef ekki hreinan þjófnað á hnakkpútu, sem annaðhvrt hann eða Benedikt bústólpi sonur hans, eða þá þeir báðir í sameining er ætlað að hafi hnuplað.

Úr því að minnst hefur verið á betrunhúsið í Gerðiskoti, þá má geta þess, að það er orðinn fullkominn hèraðsrómur meðal sýslubúa, enda mun og mega finna því fót, að verði maður t. d. uppvís að þjófnaði og sè færður lögmanninum í Gerðiskoti, þá láti lögmaðurinn þjófinn vinna hjá sèr nokkra hríð og verður svo ekki meira úr þeim sökum. Þetta gjörir hann nú sjálfsagt af tómri föðurlandsást, til þess að auka ekki hegningarhúsinu í Reykjavík of mikinn kostnað, en engan veginn af fègirnd til þess að fá ódýr vinnuhjú. Hitt virðist meira snjallræði af honum, ef satt er, að hann einhverntíma í vinnumannshraki hafi látið Benidikt bústólpa son sinn narra manntetur á bak hesti, sem sýslumaðurinn átti, til þess að geta á eptir borið manninum á brýn hestaþjófnað og hrætt hann til, að vinna kauplaust eitt ár á betrunarhúsinu í Gerðiskoti.

Jeg skal að endingu geta þess, að hvað sem herra lögmanninum í Gerðiskoti kann að hafa til gengið með að senda Sigfús son sinn á eptir mjer, þá get jeg full-

vissað hann um, að þess er enginn kostur, að hann fái mig fyrir vinnumann á Gerðiskotsstofnunina, hversu miklu hjúahraki sem hann kann að vera í.

Reykjavík, 25. júní 1884.

Sigurður Sigurðsson [1]
frá Skúmstöðum

nálægt Eyrarbakka.

1) Sigurður þessi ættaður frá Borgarfelli í Skaptár-tungu, sonur Ólínu Árnadóttur, sem fyrst átti Sigurð Jónsson frá Hlíð, og síðari manns hennar Sigurðar. Sami fór til Ameríku um leið og þessi bænarskrá.

Prentað hjá Einari Þórðarsyni 1884.